



Fréttatilkynning

25 February 2026 09:00:00 GMT

Arion Banki hf.: Niðurstöður endurkaupatilboðs

Arion banki hf. tilkynnti í dag um niðurstöðu endurkaupatilboðs, sem tilkynnt var um þann 16. febrúar 2026 til eigenda 500 milljón evra sértryggðrar skuldabréfaútgáfu með 0,050 prósent föstum vöxtum á gjalddaga í október 2026, þar sem bankinn bauðst til að kaupa sértryggðu skuldabréfin til baka. Endurkaupin byggðu á skilmálum endurkaupatilboðs (e.tender offer memorandum).

Bankanum bárust gild tilboð að fjárhæð EUR 446.290.000 og voru þau samþykkt með fyrirvara um hlutfallslega skerðingu (pro rata) samkvæmt skerðingarstuðli upp á 67,2172%.

Barclays Bank Ireland sá um endurkaupin fyrir hönd bankans.

Nánari upplýsingar um endurkaupin er að finna í tilkynningu sem birt er opinberlega í kauphöllinni í Lúxemborg (www.bourse.lu) þar sem skuldabréfið er skráð.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengslum Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eirikur.jonsson@arionbanki.is, s. 856 7171

Viðhengi

[Arion Banki hf.: Niðurstöður endurkaupatilboðs](#)